



Nýfrjálshyggjan kom til Reykjavíkur áður en hún kom til Ísafjarðar

Kristinn Hermannsson hagfræðingur í Skotlandi í viðtali

„Hin emperíska staðreynd er að Vestfirðir fóru úr því að vera tekjuhæsta landsvæði landsins í það að verða tekjulægsta landsvæði landsins á fáeinum árum á tíunda áratugnum. Þetta gerist bara mjög hratt og ef Hagstofan er enn með þessi gögn opin þá getur fólk bara flett þeim upp. Þetta gerist og ég hef svolítið verið að vinna úr þessu og endurskoða þessa sögu. Ég tók inn á mig þessa skömm. Ég er alveg viss um að fleiri gerðu það líka því skilaboðin úr umhverfinu voru þau að það væri bara ekkert að þessu kerfi. Þetta væri bara allt Vestfirðingum sjálfum að kenna og þeir væru bara lélegir að reka fyrirtæki.“

— sjá bls. 6-9



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 7. júlí 2016 · 26. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Frá Tannanesi í Öfundarfirði.



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

alltaf nýsmurt

Markaðshelgin vel heppnuð



Myndir: Helgi Hjálmtýsson.

Markaðshelgin í Bolungarvík var vel heppnuð þrátt fyrir að eitthvað hafi rignt en gestir létu það ekki á sig fá og almennt skemmti fólk sér vel.

Helgin hófst með frábærum útgáfutónleikum Björns Thoroddsen og Önnu Þuríðar Sigurðardóttur í Félagsheimilinu. Tónleikarnir voru vel

sóttir og gaman var að heyrja þau flytja ýmis ný lög í bland við eldri númer.

Samkaup Úrval bauð í pylsupartí á föstudeginum og skömmu síðar var Golfklúbbur Bolungarvíkur með golfmót sem vel var mætt á. Um kvöldið var skrúðganga úr hverfunum í gryfjuna við Hreggnasa þar sem

Hjörtur Traustason hélt uppi stuðinu fram eftir kvöldi og deginum lauk svo á Einarshúsi þar sem Benni og Helgi léku fyrir gesti.

Markaðstorgið opnaði síðan kl. 13 á laugardegnum og voru 17 aðilar mættir að selja alls konar góðgæti og vörur. Virðulegar bifreiðar sýndu sig og



hoppukastalar fóru í loftið. Sigurvegarar liðinna söngkeppna markaðshelgarinnar stigu á svið og sungu fyrir gesti og Sirkus Íslands var með frábæra sýningu og fimleikaatriði.

Félagar í hestamannafélaginu Gný mættu með hesta og teymdu um með þá gesti sem vildu. Stuttmyndin Vettlingaveður sem er útskriftarverkefni Berglindar Höllu Elíasdóttur frá Kvikmyndaskóla Íslands var sýnd þrisvar sinnum við mikinn áhuga gesta og Elfar Logi, Kómedíuleikhúsmáður, sýndi Fjalla-Eyvind. Lítið varð hins vegar úr fjölskyldudansleik kl. 17 þar sem margir gesta voru þá



farnir og mæting á dansleikinn var dræm.

Um kvöldið var svo markaðsdansleikurinn þar sem hljómsveitin Albatross hélt uppi stuðinu.

SUMARÚTSALA

20% - 30% - 40% - 50% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40% - 50% - 40% - 50% - 40%

- Trjáplöntur og runnar 50% afsláttur
- Sumarblóm 20-40% afsláttur
- Bensín sláttuvélar 20% afsláttur
- Rafmagnssláttuvélar 25% afsláttur
- Garðverkfæri 25% afsláttur
- Hekklippur 30% afsláttur
- Keðjusagir 30% afsláttur
- Panill og vatnslæðning 20-30% afsláttur
- Garðleikföng 30% afsláttur
- Álstigar og tröppur 25% afsláttur
- Black & Decker rafmagnsverkfæri 30% afsláttur
- Hitachi rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- Úðarar og slönguhjól 30% afsláttur
- Handlaugar og blöndunartæki, valdar vörur allt að 40% afsláttur
- Skjólgirðingar 30% afsláttur
- Inni og útimálning 25% afsláttur
- Viðarvörn og pallaolía 20% afsláttur
- Útipottar 30% afsláttur
- Garðstyttur 30% afsláttur
- Garðálfar 30% afsláttur
- Reiðhjól 30% afsláttur
- Garðhúsgögn 25% afsláttur
- Ferðahúsgögn 25% afsláttur
- Innihurðir 20-30% afsláttur
- Útiljós 25% afsláttur
- Búsáhöld Aida og Beka 20-25% afsláttur
- DeWalt rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- Heimilistæki valdar vörur á lækkuðu verði.
- Hreinlætis- og blöndunartæki valdar vörur á lækkuðu verði.

... og margt fleira!

20% - 30% - 40% - 50% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40% - 50% - 40% - 50% - 40%

Byggjum á betra verði

*Gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verði Húsasmíðjunnar“
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vörurval getur verið misjafnt milli verslanna.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS




98
kr. 500 ml
Egils Appelsín, 500 ml
Pepsi, 500 ml
Pepsi Max, 500 ml



98
kr. 145 g
Maryland Kex
145 g, 4 tegundir



98
kr. 40 g
Pringles Snakk
40 g



98
kr. 1 l
Trönuberjasafi
1 lítri

GOTT VERÐ Í BÓNUS



79
kr. 200 stk.
ES Eyrnapinnar
200 stk. í boxi



39
kr. 200 ml
ES Safar
200 ml, 3 teg.



49
kr. 60 g
Yum Yum Núdullur
60 g, 2 teg.



98
kr. 70 g
Yum Yum Núdullur
70 g, 3 teg.




95
kr. 200 g
ES Steiktur Laukur
200 g



95
kr. 500 g
ES Haframjöl
500 g



95
kr. 1 kg
ES Hveiti
1 kg



79
kr. 100 g
ES Rískökur
100 g


**LÁGT VERÐ
ALLA DAGA**



98
kr. 100 g
ES Súkkulaði
100 g, 5 teg.



79
kr. 400 g
ES Tómatar
400 g, 2 tegundir



95
kr. 400 g
ES Kjúklíngabaunir
400 g



79
kr. 420 g
ES Bakaðar baunir
420 g



98
kr. 300 g
ES Maískorn
300 g



39
kr. 70 g
ES Tómat Purra
70 g



59
kr. 250 ml
ES Orkudrykkur
250 ml, 2 teg.

BONUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 10. júlí eða meðan birgðir endast



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Strákarnir okkar

Nú er strákarnir okkar komnir heim eftir mikla frægðarför í útlöndum, nánast hvert mannsbarn, hérlandis sem erlendis, hefur fylgst með þessum frábæru íþróttamönnum sem okkar litla þjóð á. Fólk sem aldrei hefur sýnt áhuga á fótbolta hefur setið límt við skjáinn og stokkið hæð sína í öllum herklæðum af gleði yfir fallegum mörkum og fellt tár þegar íslenskir áhorfendur syngja um jökulinn sem logar. Núna erum við stolt þjóð og við megum það því okkur hefur tekist að föstra íþróttastarf barnanna okkar og öll sveitarfélög sýna eins mikinn metnað og þau mögulega geta í uppbyggingu íþróttamannvirkja. Það er þess vegna sem við eigum svona flott lið og það er þess vegna sem við megum vera stolt. Vonandi rennur það fé sem liðið hefur nú unnið inn fyrir KSÍ til enn meiri uppbyggingar út um allt land, bæði til mannvirkja og þjálfunar. En óháð öllum aukum, strákarnir okkar stóðu sig frábærlega, sýndu mikla leikni og gott uppeldi.

En við eigum fleiri góða stráka. Í vikunni kviknaði í útihúsum á Tannanesi í Önnundarfirði og áður en við er liðið eru margir strákar mættir á hlaðið og leggja sig alla fram við að slökkva elda og takmarka tjónið. Að þessu sinni þurfti ekki að sækja fólk inn í brennandi hús, en þeir hefðu gert það. Þessir strákar verða heldur ekki til úr engu! Altsvo fyrir utan að vera afkvæmi ástarleiks í upphafi, þá höfum við sem þjóð haft vit á því að veita fé til tækjakaupa og þjálfunar. Reyndar mætti uppfæra bílakostinn hjá Slökkviliði Flateyrar, flottir bílar en talsvert komnir til ára sinna. En án þessara stráka vildi ég ekki vera, þeir leggja sig fram og ég er stolt af þeim.

Takk strákar, takk landsliðsstrákar, takk slökkviliðsstrákar, þið eruð dýrmætir.

BS

Spurning vikunnar

Vissirðu að kvennalandslið Íslands í knattspyrnu tók þátt í 8-liða úrslitum á EM 2013?

Alls svöruðu 286.

Já, sögðu 194 eða 68%

Já, sögðu 92 eða 32%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Fjöldahjálparkerra



Á myndinni er Hrefna Magnúsdóttir formaður Rauða krossins á Ísafirði að taka á móti fjöldahjálparkerrunni ásamt sjálfbóðaliðum Rauða krossins.

Þakkir



Kæru ættingjar, vinir og aðrir.

Við mæðgur viljum þakka öllum þeim sem sendu okkur hlýjar kveðjur, samhug og styrk vegna fráfalls Eðvarðs okkar, sem fórst þann 11 maí sl við Aðalvík.

Ykkar styrkur og kveðjur eru ómetanlegar og hjálpar okkur að halda áfram.

Með þakklæti og kærleik

Elma Dögg Frostadóttir

Hafðís Ása Eðvarðsdóttir

og Sædís Líf Eðvarðsdóttir

Sex Rauðakross deildir á norðanverðum Vestfjörðum (á Ísafirði, í Bolungarvík, Dýrafirði, Súðavík, Ségundafirði og Önnundarfirði) hafa fest kaup á fjöldahjálparkerru með búnaði sem er nauðsynlegur til að hægt sé að bregðast við fljótt og örugglega ef deildirnar þurfa að opna fjöldahjálparstöð. Um er að ræða færanlega kerru sem hefur að geyma staðalbúnað sem hægt er að færa á milli staða eftir aðstæðum og umfangi atburða þegar opna þarf fjöldahjálparstöð. Í kerrunni er m.a. lítil ljósavél, beddar, teppi, hreinlætispakkar, útvarp með langbylgju, vasaljós og annar búnaður sem er mikilvægur á neyðarstundu.

Með tilkomu kerrunnar verða deildir mun betur í stakk búnar til að bregðast við neyðarástandi á stærra svæði en áður.

Kerran er létt í drætti og getur venjulegur fólksbíll með krók dregið hana. Kerran verður staðsett á Ísafirði. Sjálfbóðaliðar Rauða krossins tóku á móti kerrunni á laugar-daginn og verður hún staðsett í slökkvistöðinni á Ísafirði

Bryndís Friðgeirs

Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Ísafjörður - 18. júlí



Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum. Sérsmíðuð í eyra eða næstum ósýnileg bak við eyra. Margir verðflokkar.

Heyrnartækni

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki til prufu

Sími 568 6880

Glæsibæ | Álfheimur 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartækni.is



DAGSKRÁ

Afmælishátíð

í Ísafjarðarbæ 12. – 17. júlí

Þriðjudagurinn 12. júlí

16:00 Gróðursetning vinabæjarplantna frá Kaufering
Hlíðin fyrir ofan Þingeyri

Miðvikudagurinn 13. júlí

Svavar Knútur og Kristjana Stefáns
Vagninn, Flateyri - miðar seldir á miði.is

Fimmtudagurinn 14. júlí

15:00-17:00 Vinabæjarteppi unnin með Kaufering
Safnahúsið á Ísafirði

17:15-18:15 Ísafjörður 1866

Stjórnsýsluhús Ísafjarðarbæjar

- 150 ára kaupstaðarafmæli formlega sett
- Guðfinna Hreiðarsdóttir fjallar um Ísafjörð árið 1866
- Hljómsveitin HIK flytur nokkur lög

21:00-23:00 Sólseturstónar

Snjóflóðavarnargarðarnir á Flateyri

- Ólöf Arnalds
- Lára Rúnars

23:00 Rúnar Þór og Reynir Guðmunds

Húsið - frítt inn

Föstudagurinn 15. júlí

16:00-19:00 Sjórinn og sagan

Neðstikaupstaður Ísafirði

- Rækjuveisla
- Acrobat sýning Sirkús Íslands
- Sjóíþróttahátíð með Sjókajakcenter
- Kappróður
- Vígsla klukkuports
- Rekstrasjón - harmonikuball

19:00 Ávextir hafsins í Byggðasafninu

Byggðasafn Vestfjarða

20:00-22:15 Allt á iði í miðbæ Ísafjarðar

Skutulsfjörður

22:15 Verðlaunaafhending fyrir Arnarneshlaup

Silfurtorg Ísafirði

00:00-03:00 Ball með Hirti Trausta og Magnúsi Trausta

Edinborgarhúsið - frítt inn

23:00-03:00 Trúbadorarnir Dagur og Hjálmar

Húsið - frítt inn

Laugardagurinn 16. júlí

10:00 Söguganga um Eyrina
Miðkaupstaður - Edinborg

12:00 150 þjóðbúningar á 150 ára afmæli
Bæjarbrekkan Hafnarstræti - skráning á Facebook

13:30-16:00 Hátíðardagskrá

Silfurtorg að Torfnesi

- Skrúðganga
- Ávarp bæjarstjóra, Gísla Halldórs Halldórssonar
- Nýr þjóðbúningur afhendur af Kvenfélaginu Hlíf
- Hátíðarkór Ísafjarðarbæjar
- Ávarp forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar
- Mí kvartettinn
- Ávarp Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, þingmanns
- Sindri Freyr, Ísland got talent
- Kökur og kaffi

16:00-18:00 Leikir, glens og gaman

Torfnæs

- Útileikir og leiktæki
- Kassaklúfur
- Trúðurinn Wally
- Húlla dúlla, sýning og kennsla

16:30 Sýning Árna Aðalbarnarsonar opnuð
Safnahúsið

21:00 Dansleikur á Landsbankaplaninu

Landsbankinn Hafnarstræti

- BG og Árni
- Trap
- Rythmatic

00:00-03:00 Ball með Hirti Trausta og Magnúsi Trausta
Edinborgarhúsið - frítt inn

23:00-03:00 Trúbadorarnir Dagur og Hjálmar
Húsið - frítt inn

00:00-03:00 Trap
Krúsin

Sunnudagurinn 17. júlí

11:00 Hátíðarguðspjónusta
Ísafjarðarkirkja



Nánari upplýsingar á www.isafjordur.is

Nýfrjálshyggjan kom til Reykjavíkur áður en hún kom til Ísafjarðar



Kristinn Hermannsson
hagfræðingur í Skotlandi

Árið 1996 var Kristinn Hermannsson í hópi ungmenna sem stofnuðu Funklistann. Stjórn-málaafli sem kom, sá og sigraði í kosningum til sveitastjórnar Ísafjarðarbæjar, nýs sameinaðs sveitarfélags sex sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum. Í dag er Kristinn lektor við Glasgowháskóla þar sem hann vinnur við rannsóknir á hagrænum og samfélagslegum áhrifum menntunar. Kristinn kallar Skotland heimili sitt og segir Skotland nútímans líkt því samfélagi sem uppeldið á Vestfjörðum lofaði. Skotland sé raunar nær þeim gildum sem hampað var í vestfirsku samfélagi en Reykjavík. Námsárin í Reykjavík kallar hann menningarsjokk; meira sjokk en að fara til Hollands til náms og síðar til Skotlands.

Við Kristinn hittumst í Princes Gardens í miðbæ Edinborgar á sólríkum degi. Það er sumar í lofti í Skotlandi eftir kaldan og blautan vetur sem fylgdi á eftir

köldu og blautu sumri. Borgin minnir raunar talsvert á íslenska bæi og sveitir þegar sólin lætur loksins sjá sig. Þrátt fyrir að hitinn mælist varla í tveggja stafa tölu iðar borgin af lífi. Börn leika sér í garðinum, fólk situr að lestri og þau allra bjartsýnustu hafa sig til sólbaðs án árangurs.

Kristinn býr í Edinborg, höfuðborg Skotlands, og tekur því alla jafna lestina til vinnu í Glasgow. Hér hefur hann búið í að verða tíu ár og segir landið hafa hjálpað honum að skilja sjálfan sig, uppruna og íslenskt samfélag. Reykjavík sé í raun ólíkari Ísafirði barnæsku hans en Glasgow eða Edinborg. „Þegar þú talar við fólk á Íslandi verður þú þess áskynja að það er mismunandi stemning eftir landshlutum. Það eru blæbrigði á gildum og háttalagi fólks. Ekkert stórkostlega mikið, það talar enginn með mállýskum eða neitt svoleiðis, allt er þetta á svipuðum nótum en það er blæbrigðamunur,“

segir Kristinn beðinn um að skýra nánar. „Hvernig má annað vera? Við erum með strandbyggðir, landbúnaðarsamfélög og þjónustubæjarfélög. Það er mismunandi saga og mismunandi umhverfi og auðvitað mótast fólk af því. Þetta gerir það að verkum að þegar ég kem til Skotlands þá fer ég einhvern veginn að fatta sjálfan mig. Ég fer að kynnast umræðu og hugtökum sem lýsa samfélaginu mínu og allt í einu fer ég að skilja hvers vegna ég er eins og ég er,“ segir hann og hlær.

Ísafjörður keimlíkur Glasgow

„Ég held að allir sem hafa búið í Glasgow einhvern tímann finni það einfaldlega að þetta er gamalt verksmiðjúsamfélag. Það skiptir ekki öllu hvort það voru skipasmíðar, stálsmiðjur eða annað. Það er ákveðin stemning sem myndast í svona samfélögum. Vinnustaðirnir eru svo stórir og fjölmennir. Í kringum þá myndast öflug verkalýðshreyfing.

Bretar kalla þetta samleitni hins vinnandi fólks. (e. working class cohesion) þetta er ekki óskýlt hugmyndum sem heyrast á Norðurlöndum líka. Enginn er yfir annan hafinn og fólk er jafnt að því leyti að það á ekki að hreykja sér og setja sig á háan hest. Þetta spilar inn í vinnublaði mótmælendatrúarinnar um að það sé bara hlutverk fólks í lífinu að standa sína plíkt. Það eru engir snillingar, fólk er bara duglegt eða latt. Þetta eru hugmyndir sem gegnsýrðu samfélagið á Vestfjörðum sem ég ólst upp í,“ segir Kristinn og bendir á að hann sé að lýsa hugmyndum í stórum dráttum. Vert sé að hafa í huga að vestfirskt vinnusiðferði og samfélagsgildi séu umvafin flækjustigum sem ekki sé hægt að nefna öll í einu viðtali.

Dyggðin að selja sig

„Vestfirðir eru náttúrulega verstöð en þó með tiltölulega stutt á milli stétta. Auðvitað er stéttaskipting á Vestfjörðum en hinir háu og lágu í samfélaginu hafa meira og minna verið í kallfæri á sömu vinnustöðunum. Þannig að þessi hugmynd um að fólk ætti ekki að hreykja sér of mikið heldur skila góðu dagsverki og standa sig hefur mótandi áhrif á mig. Þess vegna var það framandi þegar ég fer úr þessu samfélagi og það er allt bullandi í einstaklingshyggju. Allt í einu er enginn að spá í samfélaginu heldur eru allir að spá; „Er þetta gott fyrir mig, hvað gerir þetta fyrir mig?“ - Þú ert þá að tala um Reykjavík? „Já ég er að tala um þegar ég fer í viðskiptafræðinám til Reykjavíkur en ekki bara það því það er eitthvað sem gerist í tíðarandanum á þessum árum. Ég held að þarna förum við frá því að vera samleitniskúltúr í þennan harða einstaklingskúltúr. Fólk talar um að selja sig eins og það sé einhver dyggð. Krökkum er kennt að nú verði þau bara að selja sig og gera mikið úr sínum hæfileikum. Þetta var bara algjört tabú nokkrum árum áður. Þetta er breyting sem verður á ákveðnum tíma og gegnsýrir íslenskt samfélag allt en landafræðin ýkir þetta. Þessar gömlu hugmyndir lifðu kannski svolítið lengur á Ísafirði. Nýfrjálshyggjan kom til Reykjavíkur áður en hún kom til Ísafjarðar.“

Nýfrjálshyggjan og Lúther

Kristinn talar um hvernig nýfrjálshyggjan misnotar vinnublaði og hófsemd mótmælendatrúarinnar. „Þetta voru náttúrulega frábær gildi og að mörgu leyti eru þetta lútherskar hugmyndir um ábyrgð einstaklingsins, mikilvægi vinnusemi og sparnaðar. Þetta eru góð gildi í samhengi við eftirstíðssamfélagið, sérstaklega í Bandaríkjunum og Evrópu, þar sem hagstjórnin byggði á nægri vinnu,

sterku ríkisvaldi með öflugu regluverki og verkalýðshreyfingu sem passaði upp á að fólk væri ekki hlunnfarið. Sem sagt að svo lengi sem fólk stóð sína plíkt þá átti það tilkall til þess að uppskera í samhengi við framlag sitt.“ Kristinn lýsir því hvernig grafið hefur verið undan þessari samfélagsgerð. Upp úr og kringum 1980 hafi hag- og vinnumarkaðsstjórnin breyst og að ekki hafi lengur verið talið forgangsmál að viðhalda fullri atvinnu. Í kjölfar hafi farið að bera á atvinnuleysi í meira mæli en áður. Það dragi úr samningsstöðu launafólks en meðfram því hafi svo verið dregið úr reglum og eftirliti. Þá fjari undan verkalýðshreyfingunni. „Nú er bara alls óvíst að fólk fái vinnu og þó fólk vinni fulla vinnu er það ekkert endilega nóg til að standa undir lífinu. Þetta sést svo vel í Bretlandi og ég held, eða vona, að þetta sé ekki eins grimmilegt á Íslandi. Áherslan í hagstjórninni heima hefur verið meira á hátt atvinnustig og það er kannski vegna fólksfæðarinnar. Íslendingar eru líka gjaldgengir á vinnumarkaði Norðurlandanna þannig að það hefur þurft að viðhalda ákveðnum kröfum til þess að hægt sé að fá fólk í vinnu. Þetta hefur orðið til þess að breytingin á Íslandi er ekki jafn öfgakennd. Ég held að það sé mjög hollt fyrir Íslendinga að skoða nágrannasamfélög okkar eins og Bretland – samfélög sem byggja á mjög svipuðum hugmyndum – til þess að sjá hvað þessi nýfrjálshyggju- og einstaklingsmiðaði kúltúr hefur leitt af sér. Það er t.d. bara orðið eðlilegt í Bretlandi að það séu matarbankar út um allt. Þetta er ekki spurning um Mæðrastyksnefnd í kringum jóln. Við erum að tala um að í hverri einustu borg, hverjum einasta bæ og hverju einasta hverfi er hópur sjálfbóðaliða að útdeila mat. Oft er það svo að fólk sem nýtir sér matarbankanna er í fullri vinnu en launin fyrir vinnuna standa bara ekki undir því að reka heimili. Þetta er eitthvað sem gerst hefur á örfáum árum.“

Velferð sem hobbý ekki réttur

Matarbankar og niðurrif velferðar er pólitískt hitamál í Skotlandi. Bretland er í raun ríki fjögurra þjóða með mismikla heimastjórn. Af sögulegum ástæðum hefur ekki myndast samstaða um sambandsríkjafyrirkomulag í líkingu við Þýskaland, Ástralíu, Bandaríkin eða Kanada. Westminster er því landsþing Englands, Wales, Skotlands og Norður-Írlands. Skotland, Wales og Norður-Írland eru með heimaping en England ekki. Í Skotlandi eru skoskar stofnanir og skoskt lagakerfi. Að þessu leyti er sérstaða Skotlands nokkur í samanburði við Wales sem deilir lögsagnarumdæmi



með Englandi. Skotland er því sjálfstætt umfram hinar þjóðirnar fjórar og þó, ekkert er svart né hvítt í breskum stjórnmálum. Bretland hefur ekki stjórnskrá heldur safn laga sem kallast stjórnskráin. Stjórnskipuleg uppbygging Bretlands er því talsverður bútasamur. Skotar fara með eigin mál en hafa afar takmarkaðar og flóknar heimildir til skattheimtu. Tekjur Skotlands eru ákveðnar í London eftir blöndu af forskrift og pólitískri hentistefnu. Þá hefur skoska þingið og ríkisstjórnin ekki heimild til lántöku sem hindrar langtímafjárfestingu í innviðum.

Málin flækjast svo enn fremur við það að íhaldsstjórn er við völd í Bretlandi en Skoski þjóðarflokkurinn, sem er vinstri miðju-flokkur, er við völd í Skotlandi. Markmið landsstjórnarinnar er smærra ríki, einkavæðing og einkadrefin fjárfesting en Skoski þjóðarflokkurinn er félagslegur flokkur sem leggur áherslu á gjaldfrjálst heilbrigðis- og menntakerfi. Þessi togstreita smitar skosk stjórnmál. Matarbankar eru hitamál í Skotlandi þrátt fyrir að aukning þeirra sé eðlisólík þróuninni í Englandi. Þá hafa klassískar hugmyndir frjálslyndra stjórnmála haldið velli í Skotlandi, en í Englandi, sérstaklega Suður-Englandi, hafa íhaldssamari gildi náð fótfestu. Þetta skapar togstreita milli skoska og breska þingsins og deilur um hvort velferð sé skylda ríkisins og þar af leiðandi réttur allra eða hvort velferðin sé borin af fjölskyldunni og einstaklingum og sé því eins konar hobbý hinna vel stæðu.

Hið góða líf

„Sumpart er alveg hrikalega gamaldags að við þurfum að fara aftur í að ræða þessi mál. Ræða um það að vinna verði að vera til staðar og að hún verði að vera trygg og standa undir bættum lífsgæðum. Þetta er auðvitað eitthvað sem við vorum búin að leysa. Afar okkar og ömmur voru búin að leysa þetta. John Maynard Keynes og þessir karlar sem drukku í Cambridge á millistríðsárunum voru farnir að

hugsa um næsta stig. Þeir voru að spá í því hvernig tæknipróunin myndi draga úr þörfinni fyrir vinnuafli og við fengjum að helga okkur hinu góða lífi. Það sem við köllum frístundir og menningu og gefur lífinu gildi. Þetta byggir samt á því að vilji sé til jöfnuðar og að dreifa afrakstrinum til samfélagsins en ekki bara auðvaldsins. Dreifing teknanna skiptir máli og þeir karlar gerðu bara ráð fyrir að afrakstrinum yrði skilað til fólks.“

Ný gildi með nýjum áratug

Fram að níunda áratugnum má segja að hagfræðiskóli Keynes hafi verið allsráðandi en með hreyfingu nýfrjálsheggjunnar er grafið undan þeim hugmyndum. „Það sem fer að gerast í kringum 1980 er svona tvöfaldur skellur, minni hagvöxtur og svo að smærri sneið af hagvextinum skilar sér til hins breiða almennings á Vesturlöndum. Vinnutíminn hættir svo um leið að styttest. Þannig að áður en við förum að helga okkur hinu góða lífi og frístundum vegna þess að tæknin sé búin að leysa okkur undan stritinu þá þurfum við aftur að ræða og finna út hvernig við sjáum til þess að afrakstur samfélagsins skili sér vítt og breitt.“ - Það er samt svolítið sorglegt að hugsa til þess að við vorum raunar búin að finna út úr þessu; Keynesk hagstjórnun, skipulagðar fjöldahreyfingar vinnandi fólks, skattlagning sem hvetur til fjárfestingar og tekjudreifingar. Var þetta ekki beinlínis brotið til baka með pólitískri baráttu? „Jú, ég held það. Fólk sem hefur rannsakað þessa sögu hefur bent mjög eindregið á að þetta sé þróun sem á sér stað á löngu tímabili. Skref fyrir skref er búið að grafa undan þessum jafnaðarsamfélögum sem voru til í Evrópu og ekki síður Bandaríkjunum á eftirstríðsárunum. Fólk á það til að gleyma því að Bandaríkin eftir stríð voru mikið jafnaðarsamfélag.“

Sápukúlan sprakk í Hollandi

Umræðan færir aftur til námsáranna í Reykjavík og Kristinn setur þá upplifun sína í sam-

hengi við hvernig tíðarandinn og stjórnmálin grófu undan þeim gildum sem hann ólst upp við á Vestfjörðum. „Kannski eru hlutirnir enn svona en allavega á þessum árum – í kringum 1998 – þá var fjarlægðin milli Ísafjarðar og Reykjavíkur ekki bara 400 kílómetrar. Menningarlega var fjarlægðin svona 10–15 ár. Fyrir mig að koma úr ísfirsku samfélagi sem gekk á hugmyndum um samkennd alþýðunnar; að allir standi sína plikt og hljóti alltaf verðlaun til jafns við aðra, til Reykjavíkur á yfirsnúningi í alþjóða- og nútímavæðingu. Nú átti allt bara að vera svo rosalega opið, fullt af tækifærum og ef þú værir nógu duglegur og skapandi þá myndi bara allt gerast fyrir þig. Heimurinn biði bara eftir þér. Þetta hafði mjög glæsilega ásjón á þeim tíma og mér þótti þessi heimur mjög spennandi. Þarna eru bankarnir að verða til og atvinnuvegasjóðirnir eru settir saman í Fjárfestingabanka atvinnulífsins. Bjarni Ármanns kemur, stofnar FBA og allt í einu er farið að borga fáum útvöldum mikla bónusa. Þetta er allt svo rosalegt, yfirgengilegt og spennandi að maður hugsaði bara að þetta hlyti hreinlega að vera málið. Hér væri kominn hin rétta staða mála. Allir í rosalega finum jakkafötum, vinnandi á íburðarmiklum skrifstofum. Þetta hafði maður aldrei séð í gömlu sjávarútvegsfyrirtækjunum. Þarna var kominn allt annar heimur þar sem ytri ásjón velgengni var í forgrunni. Það var algjört tabú í vestfirsku samfélagi. Ég tók þetta bara inn og trúði þessu öllu eins og ég held að margir hafi gert. Nokkrum árum seinna þegar ég fer í meistaranám í hagfræði í Hollandi þá bregður mér mjög mikið. Það nám var mjög akademískt og það var svolítið eins og að hlaupa á vegg eftir veruna í Reykjavík. Allt sem ég hafði lært og allt sem ég kunni var allt í einu ástæða til að efast um. Í framhaldinu af Hollandi lærði ég byggðahagfræði í Glasgow og eftir það fer ég að vinna á rannsóknarstofu í skólanum mínum Strathclyde. Ég hafði þangað til ekki nokkurn tímann heyrt talað með gagnrýnum hætti um banka eða að efast væri um gildi banka fyrir samfélagið. Hvað þá að segja upphátt að ef til vill væri maður í mysunni í bankakerfinu. Þannig að ég þarf þarna að horfast í augu við að þessi sápukúla, sem maður er búin að vera í á Íslandi, springur. Það sem allir á Íslandi eru bara sammála um og er víst voðalega skýrt og einfalt er bara ekkert eins og okkur er kennt. Allt er þetta miklu flóknara og margbreytilegra.“

Viljinn til að gerraðis

Í Hollandi lagðist Kristinn í mikla vinnu, ásamt samnem-

anda sínum, í að skoða arðbærni Kárahnjúkavirkjunar. „Það er svona lítið dæmi um það hvernig heimurinn hrundi í kringum mann. Ég var á því að þetta hlyti bara að vera arðbær og góð fjárfesting því kerfið sagði manni endalaust að þetta væri svo gott mál og að það væru bara alls konar hippar á móti þessu. Það var eiginlega notað sem vísbending um að þetta hlyti bara að vera alveg frábært dæmi því efasemdarfólkið var ekki í jafn finum jakkafötum og þeir sem töluðu með framkvæmdunum. Svo var endalaust gefið í skyn að það væru nú bara einhverjir náttúrufræðilúserar sem væru á móti þessu. Það átti auðvitað að benda enn frekar til þess að þetta væri alveg agalega sniðugt og arðbært. Þýsk vinkona mín, sem var með mér í náminu, hafði heyrt af Kárahnjúkavirkjun og vildi rannsaka sem stefnumótunarverkefni og ég eiginlega lét til leiðast. Ég hafði engan sérstakan áhuga á þessu enda fannst mér svo augljóst að þetta væri bara alveg flott mál. Við förum í gegnum þetta, skoðum alla pappíra og reynum að skilja út á hvað þetta á allt að ganga. Við skoðum auðvitað arðsemis- og áhættumatíð bakvið Kárahnjúka og það gaf tilefni til efasemda. Þarna sé ég svart á hvítu að það er bara búið að ljúga að mér. Þetta verkefni orkaði mjög tvímælis á einföldum peningaforsendum og því síður augljóst að það gæti réttlætt náttúruforðir. Hið opinbera er að taka á sig ábyrgðir og láta af hendi auðlindir til verkefnis sem stendur illa undir kröfum sem gerðar eru til fjárfestinga.

Í einfeldni minni hélt ég að þarna væri um mistök að ræða og fer að færa það í tal við fólk. Það er alveg sama hvar ég ræði þessi mál það verða bara allir rosalega skrítnir. Kárahnjúkar og fleiri svipuð mál hafa sannfært mig um að við erum ekkert að slyast til að taka vondar ákvarðanir. Vandinn er ekki að enginn taki eftir því að þetta séu vondar ákvarðanir. Það er bara mjög einbeittur vilji til þess að gera hluti illa svo að fámennur hópur hagnist verulega. Í tilvikum Kárahnjúka þá hagnast verktakarnir, verkfræðistofurnar og það er urmull af stjórnmálamönnum sem þurfa að fara í allskonar kynnisferðir og „networking“ veislur. Það þarf að hitta allskonar stórgreifa hjá alþjóðlegum fyrirtækjum. Það er bara heilmikil sósa í kringum verkefni eins og Kárahnjúka. Það er svo mikil sósa að á endanum skiptir engu máli hvort verkefnið var í raun gott því allir í ferlinu fengu sitt. Eitt frægasta dæmið af þessu tagi og stækasta er flugvöllur á Spáni, í Castilla La Mancha suður af Madrid. Flugvöllurinn var opnaður og rekinn í þrjú ár áður en honum var svo lokað.

Þá sást að þetta snerist aldrei um annað en að búa til risastórt verkefni sem hægt væri að klípa fé af. Það var náttúrulega þannig að byggðasjóðir, sparisjóðir og allskonar spænskar stofnanir settu pening í verkefnið. Það gat samt aldrei staðið undir sér en það skipti bara engu máli því allir sem voru að vinna við að búa til verkefnið fengu sitt. Verktakarnir fengu borgað, ráðgjafarnir, verkfræðistofurnar og svo framvegis. Samfélagið sat samt uppi með ónýta fjárfestingu.“ – Þetta kemur ekkert á óvart þótt það hljómi mjög brjálæðislega að eyða milljörðum til að klípa nokkrar miljónir til sín. Forsenda sem við gefum okkur er alltaf að menn séu að eyða eigin peningum. Þannig á það að virka en raunin er önnur. „Já, nákvæmlega, það er alltaf verið að eyða annarra manna peningum. Í tilvikum Kárahnjúka var svo líka verið að eyða auðlindum annarra.“

Leiðist sjálfsritskoðunin á Íslandi

Samtalið leiðir til þess sem Kristinn kallar talpunktaræði íslensks samfélags. Hann segir Kárahnjúka og fleiri verkefni dæmi um hvernig talpunktaræðið tekur öll völd. Hugmyndir fari á flot og miskunnarlaust sé einfeldningslegum frösum haldið á lofti. Þeir sem andmæli séu oft grimmilega jaðarsettir. – Þú vilt þá meina að þetta talpunktaræði geri að verkum að fólk haldi aftur af sér og sjálfsritskoði. Það spilar þá kannski inn í að þú ert ekki í íslenski akademíu? „Þetta er auðvitað svolítið furðulegt. Auðvitað á manni alveg að vera sama um svona hluti svo lengi sem maður hefur salt í grautinn og sína nánustu í kringum sig. Af hverju ætti manni ekki að vera sama um hvort maður má úthrópa sig um kvótakerfið án þess að sitja undir félagslegri útskúfun eða ekki. Mér finnst þetta samt ofsalega mikil lífsgæði að geta bara sagt það sem mér finnst án þess að samfélagið fari á hliðina og maður sé settur á kant. Það hefur enginn gaman að því að vera út á kanti en það er heldur ekkert gaman að vera alltaf að ljúga að sjálfum sér eða undirgangast einhverja lygi.“ segir Kristinn og bætir við að hann sjálfur stundi ekki nokkra aktivistastarfsemi og reki nú heldur rólegt heimili með uppvaski og sjónvarpsglápi. Hann þurfi því ekki að líða nándar nærri sömu útskúfun og samþykkt sé að sumt fólk skuli verða fyrir vegna skoðana sinna. „Það er samt ofsalega mikið frelsi sem felst í því að ég geti bara haft mína skoðun á kvótakerfinu og Kárahnjúkum án þess að hægt sé að vega að mínu atvinnuöryggi. Mér er ekki neitað um lán í banka og það er ekki reynt að

láta háskólann reka mig. Kannski er þetta vænisýki eða hvað? Það eru fjöldamörg dæmi um þetta. Ýktasta dæmið er auðvitað að áhrifamaður í íslensku atvinnulífi hafi skrifað Columbia háskóla til að veða að Jóni Steinssyni. Ég finn einfaldlega þegar ég tala við fólk í akademíunni heima að fólk er mjög meðvitað um það sem það segir og ég held að töluverð sjálfsritskoðun eigi sér stað.“

Kvótakerfið, Vestfirðir og sjálfsritskoðun

– Finni akademían að tjáningu þrengr, hvernig er þá fyrir vinnandi fólk á Vestfjörðum að ræða kvótakerfið og afleiðingar þess á samfélagið? Það hljóta að vera mikilvæg lífsgæði að geta rætt þau mál af alvöru og án skammar eða jaðarsetningar? „Hin emperíska staðreynd er að Vestfirðir fóru úr því að vera tekjuhæsta landsvæði landsins í það að verða tekjulægsta landsvæði landsins á fáeinum árum á tíunda áratugnum. Þetta gerist bara mjög hratt og ef Hagstofan er enn með þessi gögn opin þá getur fólk bara flett þeim upp. Þetta gerist og ég hef svolítið verið að vinna úr þessu og endurskoða þessa sögu. Ég tók inn á mig þessa skömm. Ég er alveg viss um að fleiri gerðu það líka því skilaboðin úr umhverfinu voru þau að það væri bara ekkert að þessu kerfi. Þetta væri bara allt Vestfirðingum sjálfum að kenna og þeir væru bara lélegir að reka fyrirtæki. Við hefðum ekki unnið nægilega mikið með kerfinu og svo framvegis. Ég alveg tók þetta inn á mig og „internalíseraði“ þessa skömm yfir því hvað Vestfirðingar væru miklir lúserar að geta ekki rekið sjávarútvegsfyrirtæki almennilega. Svo sér maður það eftir á, því meira sem maður les sér til um það hvernig nýfrjálsbyggjan virkar og því meiri umræða sem er um þetta valdaójafnvægi og hvernig það brenglar alla þjóðfélagsumræðu, þá sér maður að þetta er náttúrulega afskaplega vont kerfi. Kvótakerfið fór illa með þennan landshluta og þar lýkur ósanngirnin ekki því umfram það er fólk látið bera skömm yfir því að allt sé þetta því sjálfu að kenna.

Kvótakerfið kemur ekkert úr heiðskíru lofti. Það er búið til og það er vitað að það séu gallar á þessu kerfi. Það voru engar samfélagslegar forsendur teknar inn þegar það var verið að móta þetta kerfi.“

Margþætt óréttlæti

Kristinn segir umræðuna um kvótakerfið ótrúlega ósanngjarna og margþætta kúgun á þeim sem verst hafa orðið fyrir afleiðingum þess. „Mér finnst fólk beitt tvöföldu óréttlæti. Fyrst er lífsviðurværið tekið af því og svo er fólk sagt að það sé því

sjálfu að kenna að lífsviðurværið hafi farið. Það sé ekki kerfinu að kenna og það sé ekki öðrum að kenna. Staðan er víst ekki einhverjum útgerðarmanni að kenna því hann er bara að hugsa um sína viðskiptahagsmuni. En það er bara fólk á Vestfjörðum að kenna sem alveg sjálft glataði bara kvótanum og á nú bara að skammast sín fyrir það. Til að bíta svo höfuðið af skömminni kemur svo þriðja sagan. Það er sem sagt ekki nóg með að setið sé undir þessum hugmyndum heldur er síðan sagt að fólk hafi enn fremur búið til þennan vanda sjálft af því að það hafi ekki mótmælt kerfinu nægilega mikið og alltaf bara kosið Framsóknarflokk og Sjálfstæðisflokk. Það eru bara helber ósannindi því það var stofnaður sérstakur stjórnmalaflokkur til þess að berjast gegn kvótakerfinu og þrátt fyrir það hversu erfitt er að koma nýju stjórnmalaafla í gegnum kosningakerfið á Íslandi þá var þessi stjórnmalaflokkur Frjálslyndi flokkurinn með menn á Alþingi. Það er auðvitað sorgarsaga hvernig fjaraði undan þeim flokki og það að söguleg tækifæri glötuðust út af því að Frjálslyndi flokkurinn var ekki fúnkerandi þegar efnahagshrunið varð að gera upp en það er annað mál.“

– Kvótakerfið er auðvitað framlag íslensku nýfrjálsbyggjunnar til heimsnýfrjálsbyggjunnar. „Já, þetta er náttúrulega ofsalega einföld hugmynd, þessir afmörkuðu, framseljanlegu kvótar, þetta ITQ-kerfi (e. Individually transferable quotas), markaðslaun á almenningavandamálinu,“ segir Kristinn. „Harmleikur almenninganna“ eða almenningavandinn á við um auðlindir sem eru sameiginlegar í einhverjum skilningi. Harmleikurinn kemur fram þegar það reynist erfitt og kostnaðarsamt að útiloka líklega notendur sameiginlegra auðlinda, og afleiðingin verður sú að gengið er um of á takmarkaða auðlind. „Kvótakerfið er í raun ofsalega einfalt hámarksáhrifan þar sem ekki er tekið tillit til neinna finna lína eða þátta. Við ímyndum okkur að allur fiskur sé eins, að það sé engin landamæri og enginn aðstöðumunur. Fiskur er bara fiskur og það er ekki spáð neitt í hvernig tekjudreifingin á að fara fram. Það er bara gengið út frá því að tekjudreifingin sé virk. Svo gerist í þessu kerfi eins og öðrum samkeppnismörkuðum að þeir sem ná að græða mest komast yfir restina af kvótanum. Þetta er sem sagt kerfi sem ýtir undir framleiðniaukningu en hvað verður um afrakstur aukningarinnar? Því er ekkert svarað.

Sögulega séð, eru náttúrulega viss innbyggð brauðmolaáhrif í sjávarútvegi, því það þarf að manna skipin og þjónusta. En þau minnka auðvitað eftir því sem hagræðingin eykst og hvað



verður þá um hagnaðinn? Þetta er einfalt reiknidæmi. Virðisaukinn kemur fram í launum, hagnaði eða auðlindagjöldum. Ef er verið að hagræða ár eftir ár, störfum fækkar, haldið er aftur af launum og tregðast við auðlindagjöldum, hvað verður þá um hagnaðinn? Hvernig skilar hann sér inn í samfélagið? Vísbendingarnar hafa legið fyrir lengi. Því er t.d. lýst mjög vel í bók Guðmundar Magnússonar um Thorsarana hvernig hákkun í hafi var stunduð eftir stríð með engum alþjóðlegum bönkum, eða interneti eða neinu. Þú getur þá rétt ímyndað þér þegar alþjóðlegar endurskoðunarkeðjur, alþjóðlegar lögfræðistofur og alþjóðlegir bankar eru öllum aðgengilegir hversu auðvelt það er að taka þessa peninga og flytja úr landi. Þetta er það sem er að koma í ljós núna í þessum Panamaskjölum en það þurfti engin Panamaskjöl. Hver maður gat séð að svona myndi fara ef við færum að reka kerfið allt á forsendum hagræðingar en skeyttum engu hvert sú hagræðing ætti að skila sér. Ein leið hefði náttúrulega verið að taka hana út í hærri launum en fiskverkafólk var sett í þjóðarsátt og endurtekið voru sett lög á sjómenn. Það hefði líka mátt innheimta rausnarleg auðlindagjöld en allt ætlar um koll að keyra hvenær sem slíkt er reynt.

Svo má náttúrulega hugsa dæmið þveröfugt og einblína á virðisaukann allan en ekki bara hagnaðinn. Það hefði alveg getað verið markmið kerfisins, og í rauninni tiltekið í 1. grein laga um stjórn fiskveiða, að það ætti að hámarka lífsviðurværi fólks en ekki hagnaðinn. En það er náttúrulega bara gamaldags rómantik og algjörlega síðasta sort samkvæmt hinni pólitísku trúarritningu. Frá sjónarmiði samfélagsins, í þjóðhagsreikningunum er það allur virðisaukinn sem skiptir máli, ekki bara sá hluti sem fer í hagnað.

Lengi vel ímynda ég mér að almenningur hafi sýnt þessum málum vissa værukærð af því hér var um staðbundið byggðamál að ræða. Samþjöppunin í sjávarútvegi var álitid vandamál einstakra sjávarbyggða. Hins vegar sést betur og betur að þetta er miklu víðtækara byggðamál, þetta snýst um það hvernig auðlindin á að skila afrakstri inn í samfélagið allt, Ísland.“

Ofurvald atvinnurekenda og auðs

Áhrifavald atvinnurekenda á Vestfjörðum sem og annars staðar er opinbert leyndarmál. Vitað er að starfsfólk í landvinnslu hefur verið pískað til að kjósa með ákveðnum hætti ellegar sé atvinnu þeirra stefnt í voða. – Það kom mér mjög á óvart þegar ég var á Vestfjörðum að þessi atvik – þar sem starfsfólki var hótad atvinnumissi t.d. skipt yrði um meirihluta í bæjarstjórn – voru rædd manna á milli opinskátt og heiðarlega en opinberlega var þessu öllu neitað og lítið rými til að ræða? „Þetta eru ekki einu sinni vestfirskir atvinnurekendur einir. Þetta er bara alþjóðlegur praxis hjá fyrirtækjavaldinu, ef við notum það hugtak. Manninum mínun og samstarfsmönnum hans í tölvufyrirtæki í Edinborg var hótad uppsögnum ef þau kysu sjálfstætt Skotland. Svona hótunartaktík, boðvald atvinnurekendanna, þetta er gamalt og nýtt og þetta er enn þá til og að afneita honum eða jaðarsetja þá sem ræða heiðarlega um hættuna sem fylgir þessum hvata lagar ekkert. Þeir sem það stunda eru hluti af vandanum og jafn sekir og þeir sem beita þessum aðferðum.“ – Kvótakerfið á sinn þátt í að skapa stétt ofurauðstéttar og ýtir þá væntanlega undir þessa hættu? „Já, það er ótrúlegt að hugsa til þess að fullt af fólk spái fyrir um vankanta kvótakerfisins strax við myndun þess í upphafi níunda áratugarins, og allar götur síðar, en ég held að

útkoman sé verri en svartsýnustu mönnum datt í hug. Í heiðarlegri akademískri umræðu má eflaust alveg setja upp forsendur þar sem svona ITQ-kerfi getur gengið upp. Það getur virkað fínt í einhverjum abstrakt heimi. Fyrir mína parta verð að segja að mér finnst það ábyrgðarhluti að til sé fólk í akademíunni sem mælir með svona kerfum og hunsar augljósa ágalla þess að fylgja svona kerfi í raunverulegu samfélagi.“ – Þú ert hér að gagnrýna þá sem ganga út frá þröngum forsendum auðlindahagræðinnar og setja upp kerfi eins og kvótakerfið sem hannað er til að hámarka arð en horfir fram hjá eða skilar auðu þegar kemur að því að skoða tekjudreifinguna – gengur sem sagt út frá því að hún sé virk. „Já, ég er að segja að í líkönun er alveg hægt að setja upp abstrakt forsendur sem láta þetta allt ganga fullkomlega upp. Í raunveruleikanum sé ég ekki hvernig svona kerfi eiga að geta átt samleið með því að reka samfélag. Við getum séð þetta svo skýrt. Þegar framsalið kemur til á sama tíma og opnast fyrir miklar lánveitingar í bönkum og það er að myndast mikill umframhagnaður eins og gerðist t.d. í uppsjávarfiski þá myndast tækifæri til að yfirbjóða aðra og kaupa til sín kvóta. Þessi samblanda umframhagnaðar í sumum greinum sjávarútvegs og niðurtúr í öðrum skapar aðstæður fyrir hina „sterku“ til að taka yfir hina „veiku“. Því fylgir mikil byggðaröskun og úr verður að arðurinn safnast á fáar hendur. Í akademísku umhverfi má kannski alveg sjá fyrir sér að umframhagnaðnum sé deilt út í samfélagið. Það má sjá fyrir sér að sjómenn og landvinnslufólk njóti hans til jafns við útgerðarmenn. Raunin er samt að aftur og aftur eru sett lög á kjarabaráttu sjómanna.“ – Ég er ekkert viss um að fólk sjái þetta með þessum hætti eða geri sér grein fyrir að tekin var hagstjórnarákvörðun

Dýrafjarðardagar – svipmyndir



gegn því að vinnandi fólk njóti umframhagnaðarins. Ætli margir telji ekki að þessi staða sé af náttúrunnar hendi; sé hin rétta staða mála? „Pólitíski raunveruleikinn er sá að fámennur en skipulagður hópur manna sem fá mikinn umframarð í hendurnar láta hann ekki af hendi án baráttu. Það hefur ítrekað verið ákveðið að setja lög á sjómenn en ekki hefur tekist að setja auðlindagjald á nema til mála-mynda. Það er augljóst að taka hefði átt miklu meira í gegnum auðlindagjald og þá sérstaklega í uppsjávartegundum þar sem þarf mjög lítinn mannafla til að koma miklum gæðum í verð. Nú má vera að allir landsmenn hafi jafnt aðgengi að bankakerfinu til

að fjármagna viðskiptatækifærin en í ljósi sögunnar er það frekar hæpið. Inn í þetta spilar svo íslenska klíkukerfið sem hefur ýkt vankanta kvótakerfisins. Það er ábyrgðarhluti að mínu mati að tilheyra akademíunni og tala fyrir þessum kennslubókarlausnum en horfa framhjá þessum raunveruleika.“

Auðurinn tekinn úr samfélaginu og gefinn fáum

Kristinn segir það hamla íslensku samfélagi og alls ekki bara Vestfjörðum einum að kerfisbundið hafi verið unnið að því að taka auð samfélagsins og gefa fáum. Þetta hafi áhrif á lífsgæði fólks í efnahagslegum skilningi en þessu fylgi líka menningar-

legur skortur vegna þess að sá fámenni hópur sem græði mest á þessu hamli eðlilegri umræðu. Peningum fylgi einfaldlega slíkt boðvald að óumflýjanlegt sé að barist sé gegn heiðarlegri umræðu um afleiðingar sama kerfis og ýtir fé að fámennum hópi. „Atvinnurekendur eru kaupendur á fákeypismarkaði (e. Monopsony). Á vinnumarkaði eru fáir kaupendur en margir seljendur. Að fækka vinnuveitendum, eins og gerst hefur með samruna í sjávarútvegi ykir þennan vanda. Þetta er einfaldlega eðli vinnumarkaða. Þess vegna höfum við sérstaklega strangar og miklar reglur um samskipti á vinnumarkaði umfram aðra markaði. Þess vegna hafa orðið

til verkalýðsfélög til þess að tryggja samtakamátt launþega gagnvart fáum atvinnurekendum. Við samþjöppun atvinnurekenda þá snarversnar þetta ástand og á móti þarf að styrkja samningsstöðu þeirra sem vinna. Á Íslandi hafa stjórn málin þvert á móti séð það sem hlutverk sitt að auka vald atvinnurekenda. Í sjávarbyggðum þýðir þetta auðvitað mikla skerðingu á lífsgæðum. Áður þegar voru margar útgerðir í bæ eins og Ísafirði þá gat sjómaðurinn komið sér upp á kant við marga skipstjóra áður en hann var kominn út úr húsi. Í dag gildir húsbóndavald Þorsteins Más frá Eyjafirði og suður á Hornafjörð. Mér finnst við ekki ræða þetta heiðarlega og það sem er verra

að meira að segja byggðirnar sem „vinna“ hafa orðið mjög illa út úr þessu húsbóndavaldi. Ég er ekki sannfærður um að Vestmannaeyjar og Akureyri hafi endilega notið kvótakerfisins í andlegum gæðum. Húsbóndavaldið þar er sterkara en nokkurn tímann.“

—Frá Vestmannaeyjum, svo dæmi sé tekið, berast reglulega fréttir af því hvernig útgerðavaldið í samkurli með stjórn-málavaldinu gengur á réttindi fólks með fíkniefnaþrófum og hótunum um uppsagnir. „Já, það er nefnilega meira að segja grafið undan þeim samfélagum.“

Atli Þór Fanndal
atli@thorfanndal.com



Sportið í beinni... fimmtudagur 7. júlí

12:00 Wimbln: Undanúrsl. kv
19:05 Fram - Selfoss
20:00 Golf - PGA Tour
22:00 Sumarmessan
föstudagur 8. júlí

12:00 Wimbln: Undanúrsl ka
19:00 Breiðablik - Stjarnan
20:00 Golf - PGA Tour
laugardagur 9. júlí

08:55 Formúla 1: Æfing UK
11:50 Formúla 2: Tímat UK
13:00 Golf - European Tour
13:00 Wimb: Úrslit einl. kv.
15:30 FH - Víkingur Reykjavík
17:00 Golf - PGA Tour
02:00 UFC: Cormier vs. Jones
sunnudagur 10. júlí

11:30 Formúla 1: Keppni UK
13:00 Wimb: Úrslit einl. karla
13:30 Golf - European Tour
15:30 KR - Víkingur Ólafsvík
17:00 Golf - PGA Tour
22:00 Sumarmessan
mánudagur 11. júlí

19:05 Þróttur R. - Fylkir
22:00 Pepsímörkin
þriðjudagur 12. júlí
19:00 Leiknir R. - Leiknir F.
miðvikudagur 13. júlí
19:00 Valur - Selfoss

Dagar Íslands

7. júlí 1211:

Suðurlandsskjálfti, margir bæir
hrundu og 18 manns fórust.

8. júlí 1903:

Upphaf síldarsöltunar á
Siglufirði. Síldarævintýrið sem
þarna hófst stóð í 65 ár.

8. júlí 1951:

Tveir íþróttamenn slösuðust
mikið og aðrir tveir biðu bana
í Óshlíð á milli Bolungarvíkur
og Ísafjarðar er bjarg lenti á 30
manna rútu sem þeir voru í.

10. júlí 1980:

Greiðslukortaviðskipti hófust
á Íslandi er Kreditkort hf gáfu
út Eurocard greiðslukortin.
Greiðslukort Visa komu út ári
síðar.

11. júlí 1998:

Hvalfjarðargöngin voru opnuð.

Helgarveðrið

Á föstudag:

Norðlæg átt 5-13, hvassast
NV-til. skýjað að mestu og
væta á köflum, en þurrt og
viða bjart veður suðvestan- og
vestanlands. Hiti 6 til 16 stig,
hlýjast um landið suðvestan-
vert, en svalast á N-landi.

**Á laugardag, sunnudag
og mánudag:**

Útlit fyrir stífa norðaustanátt
með votviðri, en þurrt að
mestu suðvestan- og vestan-
lands. Hiti breytist lítið.

Krossgátan

		MÓTLÆTI	SVIKULL	HJARA	Í RÖÐ		NEÐAN	RÍKI Í EVRÓPU
	HVIKULL							
	FRUM-EIND					TVEIR EINS		
						HNUPLA		
	REIÐI-HLJÓÐ				FYRIRBOÐI			
					SUNDLA			
	NUDDAST						Á FÆTI	
	JAFNT							
	↓	TUNGUMÁL	KOPAR			ÓP		
			ÁTT			LANGAÐI		
FRJÓANGI					ÓSKAR			ESPA
					ÚRVALS			
RÍKI Í ARABÍU				GUFU-HREINSA			GED	
				GALDRAR				
Í RÖÐ			AFHENDA				TVEIR EINS	
			ÁGÆTIS				GEGNA	
ATVIKAST				MEIN		MJAKA		
						KIRNA		
SKÍTUR				MYNDAST				SKYNFÆRA
				VEIÐA				
		ÁVINNA				ÆSA		
		JURT				FJÖL-BREYTNÍ		
ÁVÖXTUR				BLUNDA				BOLMAGN
				DANS				
KOMAST			ÁLIT			BÓK-STAFUR	TVEIR EINS	
			STEFNA				MAR	
SJÚK-DÓMUR					VANDRÆÐI			
AFSPURN					SNÍKJU-DÝR			
BÓK				SILFUR-HÚÐA				

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

OG

JARÐAR

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



				ÚTSKOT	HJÓL- GJÖRD	YFIR- BRAÐ		ÝLFUR	ÓREIDA	AUMA
	FYRIR- BYGGJA			A	F	S	T	Ý	R	A
	SKREF			F	E	T	BLUNDUR LEIKUR	L	Ú	R
	KLEMMMA			K	L	Í	P	A	FYRIRTÆKI	M
	BLÓÐSUGA			I	G	L	A	PRÓF- TITILL	M	A
	FYRIRHÖFN							INNÝFLA		
	↓	HEGNI	HJÓMA KLIDUR	Ó	M	A	STIGANDI ÁLOXIÐ	R	I	S
FRUM- EFNI	F	R	Y	M	I	LÖNG LÍN	S	Í	Ð	SÝNIS- HORN
LEIRA	L	E	S	A	HÚSPÁSS MÁLMAUR	H	Ú	S	R	Ú
FRÁ	A	F	KOSNING SKAKKI	K	J	Ö	R	KK NAFN GEYMSLU- TURN	A	R
SUSS	U	S	S	TILRÆÐI ÖGN	Á	R	Á	S	TVEIR EINS GRAS- ÞOKUR	T
TRJÁ- TEGUNDAR	E	I	K	A	R	SJÁ FORMÖÐIR	L	Í	T	A
	L	ÓSKA RÆKI- LEGAR	Á	R	N	A	AD LOKUM SKÓA	L	O	K
LÖGUN	S	N	Ð	GRANNUR ÞUS	M	J	Ó	R	MILDA	K
SAMPYKKI	J	Á	ÚTMÁ MJAKA	A	F	M	Á	HAM- FLETTA MÖÐURLÍF	F	L
KVK NAFN	U	N	A	ADALS- TITILL	J	A	R	L	Á FÆTI SPRIKL	I
VÖKNA	R	A	K	N	A	TÓM	N	E	I	N
DÁ	T	R	A	N	S	FLAT- ORMUR	A	G	Ð	A

		7			1			
		6	9		8	7	2	
2	3			7	4		5	
6			5			4		2
5				4	6		3	
1		8			2			6
		9		6		8		
	1			8	9			
	6			2	5			

		7				5	3	
5								
	1		5	6	3			9
	6					8		5
1			6					
			3		4			
	8		7	3				1
				5	8		2	
3						7	4	

UPPBYGGINGASJÓÐUR
SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA



A silver three-wheeled motor scooter is parked on a gravel surface. It features a black seat, a black storage compartment behind the seat, and a black front fender. The scooter has a large headlight and a smaller side light. The background shows a grassy area and a fence.



HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- stjálflær nýting sjávarauðlinda

AGA GAS ALLS STAÐAR



Ísafjörður: Vélsmiðja Þrastar Marzellússonar ehf, s. 456 3349.
Bjarkalundur: Hótel Bjarkalundur, s. 695 2091.

ÞÚ GETUR SLAKAÐ Á OG
UPPLIFAÐ ÖRYGGI VIÐ
GRILLIÐ MEÐ AGA GAS